

FUNDARGERÐ



Sveitarstjórn Þingeyjarsveitar

132. fundur

í Kjarna fimmtudaginn 26. september 2013 kl. 14:00

Dagskrá:

1. Fundarsetning:
2. Fundargerð Skipulags- og umhverfisnefndar frá 18.09.2013:
3. Fundargerð Félags- og menningarmálanefndar frá 24.09.2013:
4. Einbýlishús í Aðaldal 216-4419:

Til kynningar:

- a) Fundargerð 808. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga:
- b) Fundargerð 18. fundar stjórnar Atvinnueflingar Þingeyjarsveitar ehf.:
- c) Fundargerð stjórnar Sorpsamlags Þingeyinga frá 20.02.2013:

Mætt: Arnór Benónýsson, Margrét Bjarnadóttir, Ásvaldur Ævar Þormóðsson, Friðrika Sigurgeirsdóttir, Ásta Svavarsdóttir, Árni Pétur Hilmarsson og Eiður Jónsson í forföllum Ólínu Arnkelsdóttur auk sveitarstjóra sem ritaði fundargerð.

1. Fundarsetning:

Varaoddviti setti fund.

2. Fundargerð Skipulags- og umhverfisnefndar frá 18.09.2013:

Lögð fram fundargerð Skipulags- og umhverfisnefndar frá 18. september s.l. Ásvaldur gerði grein fyrir fundargerðinni sem er í fjórum liðum.

1. liður; Þeistareykjavirkjun, breyting á deiliskipulagi.

Sveitarstjórn samþykkir tillögu nefndarinnar um að fallið verði frá grenndarkynningu og umsókn Landsvirkjunar um breytingu á deiliskipulagi verði samþykkt. Sveitarstjórn felur skipulags- og byggingarfulltrúa að annast málsmeðferð vegna gildistöku á breytingartillögunni eins og skipulagslög nr. 123/2010 mæla fyrir um.

2. liðu; Þeistareykjavirkjun, umsókn um framkvæmdaleyfi fyrir vinnubúðareit.

Sveitarstjórn samþykkir tillögu nefndarinnar um að Landsvirkjun verði heimilaðar umbeðnar framkvæmdir þegar breytingar á deiliskipulagi hafa átt sér stað. Sveitarstjórn felur skipulags- og byggingarfulltrúa að gefa út framkvæmdaleyfið og í því komi nánar fram hvernig umsækjandi muni ganga frá svæðinu að loknum framkvæmdatíma virkjunarinnar. Sveitarstjórn staðfestir fundargerðina að öðru leyti.

3. Fundargerð Félags- og menningarmálanefndar frá 24.09.2013:

Lögð fram fundargerð Félags- og menningarmálanefndar frá 24. september s.l. Arnór gerði grein fyrir fundargerðinni sem er í sex liðum.

Varðandi 1. lið þá samþykkir sveitarstjórn tillögu nefndarinnar um að auglýsa starf æskulýðs- og tómstundarfulltrúa laust til umsóknar.

Sveitarstjórn staðfestir fundargerðina að öðru leyti.

4. Einbýlishús í Aðaldal 216-4419:

Sala á eign sveitarfélagsins, einbýlishús við Hafralækjarskóla í Aðaldal, fastanúmer 216-4419 tekin fyrir. Sveitarstjóri gerði grein fyrir kautilboði sem borist hefur í eignina.

Sveitarstjóra falið að ganga frá gagntilboði í samræmi við umræður fundinum.

Til kynningar:

- a) Fundargerð 808. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga:
- b) Fundargerð 18. fundar stjórnar Atvinnueflingar Þingeyjarsveitar ehf.:
- c) Fundargerð stjórnar Sorpsamlags Þingeyinga frá 20.02.2013:

Fleira ekki gert og fundi slitið 15:35

Arnór Benónýsson

Eiður Jónsson

Margrét Bjarnadóttir

Ásvaldur Ævar Þormóðsson

Friðrika Sigurgeirsdóttir

Ásta Svavarsdóttir

Árni Pétur Hilmarsson